

Ávarp ritstjóra



Eldey Huld Jónsdóttir
félagsráðgjafi MSW,
framkvæmdastjóri FÍ

Það er mér sönn ánægja að fylgja úr hlaði 17. árgangi Tímarits félagsráðgjafa, þeim ellefta sem ég kem að, fyrst sem ritstjórnarfulltrúi og hin síðari ár sem ritstjóri annars efnis. Má með sanni segja að tímaritið gegni mikilvægu hlutverki sem vettvangur fræða og fags innan félagsráðgjafa, virkur miðill rannsókna í faginu. Á hverju ári berast okkur greinar, bæði til ritrýni og almennar greinar, ásamt fréttum af vettvangi og er þessi árgangur engin undantekning hvað varðar faglegt efni og fjölbreytileika.

Í tímaritinu eru að þessu sinni fimm ritrýndar greinar. Sú fyrsta, *Viðhorf félagsráðgjafa til handleiðslu*, greinir, eins og nafnið gefur til kynna, frá rannsókn á viðhorfum félagsráðgjafa til handleiðslu auk þess sem þar er að finna umfjöllun um og skilgreiningu á handleiðsluhugtakinu. Í greininni *Námsval innflytjenda við lok grunnskóla* er sagt frá rannsókn sem höfundur gerði á námsvali innflytjenda við lok grunnskóla og bar saman við námsval innfæddra. Þá er næst sagt frá rannsókn sem gerð var á viðhorfi barna til fátæktar í greininni *Skilgreiningar reykvískra barna á fátækt* auk þess sem fjallað er um fátækt og skilgreiningu fátæktar. Óhætt er að segja að náttúrameðferð við streitu og kulnun sem fjallað er um í næstu grein sé meðal nýjunga í meðferð hér á landi. Í þessari rannsókn voru tekin viðtöl við þátttakendur á námskeiðinu *Staldra við – náttúrunámskeið við kulnun* og greint frá niðurstöðum þeirra. Loks er í tímaritinu ritrýnda greinin *Fósturbarn, og hvað svo?* sem fjallar um rannsókn á líðan og stöðu fósturbarna. Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og óhætt að segja að kominn hafi verið tími til og mikilvægt sé að bregðast við á þessu sviði.

Þá eru í tímaritinu tvær almennar greinar. Í annarri þeirra segja teymisstjóri og forstjóri *Gæða- og eftirlitsstofnunar* frá starfseminni. Í þeirri síðari er greint frá nýju diplómanámi, *Farsæld barna*, sem fór af stað síðastliðið haust með yfir 100 þátttakendum og svokölluðu rannsóknarneti sem er ætlað að ná til alls fræðafólks sem stundar rannsóknir á málefnum barna og fjölskyldna.

Tímaritinu bárust tvær fréttagreinar þar sem í annarri er sagt frá starfsemi Virkni húss og í hinni frá Píeta samtökunum. Þá er kafla með fréttum frá félaginu þar sem formaður FÍ fer yfir starfsemi síðastliðins árs auk þess sem sagt er frá úthlutun styrkja Vísindasjóðs FÍ og árlegu Félagsráðgjafaþingi. Var almenn ánægja í þeim stóra hópi félagsráðgjafa sem sóttu þingið með að geta aftur komið saman á vettvangi árlegs þings, en þinginu var aflýst 2022 vegna Covid-19.

Þar sem undirrituð lætur af störfum nú í vor, bæði sem framkvæmdastjóri FÍ og ritstjóri annars efnis fyrir tímaritið, vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa komið að útgáfu tímaritsins þessi 11 ár sem ég hef unnið að því. Þar vil ég ekki síst þakka samstarfið við þá ritstjóra sem hafa borið hitann og þungann af vinnslu og birtingu ritrýndra greina þessi ár, þeim dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, dr. Sigrúnu Harðardóttur, dr. Freydísi Jónu Freysteinsdóttur og dr. Jónu Margréti Ólafsdóttur, sem verið hefur ritstjóri ritrýndra greina en lætur nú af störfum. Í okkar litla samfélagi getur það verið mikil áskorun að leita uppi ritrýna ár hvert og fylgja ferlinu eftir frá því að grein berst, í gegnum ritrýniferlið og til birtingar. Öðrum sem hafa komið að ritstjórn þakka ég sömuleiðis samstarfið. Félaginu og Tímariti félagsráðgjafa óska ég velfarnaðar.

Eldey Huld Jónsdóttir

Skilafrestur ritrýndra greina í næsta tölublað er 1. september 2023.

Hægt er að skila inn öðru efni í tímaritið fram til áramóta 2023-2024.

www.timaritfelagsradgjafa.is